

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um afgreiðslu pósts í Húnavatnssýslu.

1868.
7. septbr.

Í bréfi dagsettu 17. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að þér hafið veitt Ólafi dannebrogsmanni Jóns-syni, eptir beiðni hans, lausn frá sýslan þeirri, er honum hefir verið á hendur falin, sem póstaafgreiðslumanni í Húnavatnssýslu, og að þér hafið skipað Björn Skaptason á Hnausum til að taka þenna starfa að sér. Þar að auki hafið þér beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið lofað tæðum Birni Skaptasyni vegna harðærisins, sem nú gengur, 10 rd. þóknun á ári fyrir starfa hans í þessu efni.

Útaf þessu skal yður kunngjört til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að stjórnarráðinu finnst ekki næg ástæða til að veita hinum nýja póstaafgreiðslumanni hærri þóknun fyrir þessa sýslun en formaður hans fékk, það er að segja 6 rd. á ári, og hefir landfógetanum verið skrifað í dag um, að borga honum þessa upphæð úr jarðabókarsjóðnum.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fjárveitingu til að afstýra hallæri.

16. septbr.

Í bréfi dagsettu 10. f. m. með fylgiskjöllum hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá um bjargarskort þann, er víða á sér stað á Vesturlandi, og hafið þér sérílagi tekið fram, að í 4 hreppum í Snæfellsnessýslu, það er Staðarsveit, Breiðuvíkurbrepp, Neshrepp innan Ennis og Neshrepp utan Ennis, þar sem fátæktin einlæggt hefir verið að fara í vöxt sökum fiskileysis hvert árið eptir annað, hafi menn, vegna þess að í vetur og í vor er var fiskaðist enn þá verr en að jafnaði, saltfiskurinn var í svo litlu verði og kornmaturinn svo dýr, átt ennþá erfiðara en undanfarin ár með að fá sér nægan forða af matvælum fyrir veturinn, sem í hönd fer,

1868.
16. septbr.

og að því geti varla hjá því farið, að menn deyi úr hungri í sjávarsveitunum, ef að ekki fiskast að vetri. Með því að hinum bágu afleiðingum af þessum skorti að yðar áliti, herra amtmaður, ekki verður afstýrt nema fyrir aðstoð hins opinbera, hafið þér beiðzt leyfis hjá stjórnarráðinu til þess að mega, þegar í ítrustu nauðir rekur, fá að láni í kaupsýslunum í Snæfellsnessýslu að minnsta kosti 100 tunnur af kornmat með þeim kostum, að borgunin fyrir þær verði greidd úr opinberum sjóði sem lán handa bágstöddustu sveitunum.

Það nauðsyn virðist til reka samkvæmt skýrslu yðar, herra amtmaður, að sveitum þessum verði veitt aðstoð sú, sem beið er um, ef að á þarf að halda, þá ræðst dómsmálastjórnin, í von um samþykki ríkisþingsins, í að veita yður til umráða allt að 1500 rd. úr jarðabókarsjóðnum, til þess að þér megði verja þeim samkvæmt tillögum yðar í lán til kornkaupa handa þeim sveitum í vesturumdæminu, þar sem það virðist vera óumflýjanlega nauðsynlegt; skulu sveitir þær, sem fá lán, borga 4 af 100 í leigur af því á ári og vera búnar að borga það aptur innan 31. marzmán. 1874. Landfógetanum á Íslandi hefir verið skrifað í dag um að borga yður fé þetta úr jarðabókarsjóðnum, þegar þér krefist þess.

19. oktbr.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavík til vegagjörðar.

Í bréfi dagsettu 31. júlímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt jákvæði til, að handa bæjarsjóð Reykjavíkur verði teknir 800 rd. að láni til þess að ljúka við aðalveginn, er liggur upp úr bænum; skuli borgaðir 4 af 100 í vexti af láni þessu, og innstæðan borguð aptur á 4 árum, 1870—73, fjórði partur á ári.